

Gos í Eyjafjallajökli - staða 7. júní 2010 kl. 11:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Gunnari B. Guðmundssyni, Sigurlaugu Hjaltadóttur, Birni Sævari Einarssyni, Haraldi Eiríkssyni, Ármanni Höskuldssyni, Þorvaldi Þórðarsyni, Guðrúnu Larsen, Sigrúnu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum og jarðvísindamönnum á Eyjafjallajökli.

Gosmökkur:

Hæð: Föstudagskvöldið 4. júní kl. 19:50 sást mökkur í 4,5 km hæð. Í gærkvöldi sást gufumökkur úr flugvél í um 4.5-6 km hæð. Í morgun sást gufumökkur úr flugvél í skamman tíma í um 3 km hæð.

Stefna: Þann 4. júní til suðvesturs. Í gær og morgun til suðurs (hæg norðanátt).

Litur: Yfirleitt hvítur efst en gráleitur og dökkur neðst í kjölfar sprengivirkni.

Gjóskufall: Eingöngu rétt við gíginn af og til. Mikið öskufjúk þann 4. júní.

Eldingar: Sjónarvottur á Ásólfskálaheiði sá tvær litlar eldingar seinni part 4. júní. Fjórar eldingar mældust í gærmorgun (6. júní).

Drunur: Á Raufarfelli undir Eyjafjöllum heyrðust miklar drunur síðdegis föstudaginn 4. júní.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Mikil gufuvirkni er í stóra gígnum og hefur aukist síðan á fimmtudag. Vestast í stóra gígnum er kominn nýr gígur þar sem sprengivirknin er. Samfara óróahrinum seinnipart sunnudags risu gosmekkir upp af þessum gíg. Gosmekkir eru litlir og sprengingar litlar. Þá heyrir í hraunhruni úr rásinni milli sprenginga. Sökum mikillar gufu sást aðeins í hluta nýja gígsins sem nú er virkur. Jökullinn skríður hratt fram úr toppgígnum.

Órói: Upp úr miðjum degi þann 4. júní jókst órói á stöðvum kringum eldstöðina en datt svo niður um kvöldið. Smáóróahviður héldu áfram og laugardagsmorguninn 5. júní um kl. 09:00 varð óróinn hvað mestur en minnkaði síðan fram á sunnudagsmorgun. Síðdegis þann 6. júní fór óróinn aftur upp um tíma og smáóráskot voru í nótt. Óróinn hefur oft risið mjög snögglega og fallið jafnsnögglega niður aftur. Hann hefur verið mestur á hærri tíðniböndunum.

Jarðskjálftar: Fáeinir litlir, grunnir skjálftar hafa mælst undir toppgígnum síðustu daga.

GPS-aflögun: Litlar merkjanlegar færslur á GPS stöðvum við Eyjafjallajökul.

Heildarmat: Einhver gosvirkni er enn vestast í gígnum og öðru hverju verða kvikusprengingar sem framleiða ösku sem berst þó ekki langt frá gígnum. Órói á jarðskjálftamælum rýkur upp við þessa sprengivirkni. Hvítir bólstrar hafa náð allt að 6 km hæð í kjölfar sprenginganna. Haldið verður áfram að fylgjast grannt með eldstöðinni.